



Umboðsmaður Alþingis  
Sent með rafrænum hætti

Dagsetning **8. maí 2024**  
Málsnúmer **HRN23120035**

## Vegna álits í máli nr. F124/2002

Heilbrigðisráðuneytið barst álit umboðsmanns Alþingis í ofangreindu máli 7. maí sl. er varðar málsmeðferðartíma kvartana hjá embætti landlæknis. Ráðuneytið telur mikilvægt að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við umboðsmann.

Síðustu samskipti vegna framangreinds máls voru með bréfi ráðuneytisins til umboðsmanns 10. mars 2023, þ.e. fyrir rúmlega ári síðan.

Í ljósi tafa sem hafa verið á málsmeðferðartíma kvartanamála hjá embætti landlæknis síðustu ár hefur ráðuneytið fylgst reglubundið með stöðu mála. Á vefsíðu embættis landlæknis er fjallað um málsmeðferðartíma í kvartanamálum. Breytingar voru á tilkynningum embættisins síðasta vor en þá kom fram að yfir 400 mál væru til úrvinnslu hjá embættinu og málsmeðferðartími gæti tekið allt að fjögur ár eins og staðan væri þá, allt eftir umfangi mála. Fram að því og í tiltekinn tíma var tiltekið að málsmeðferðartími kvörtunar gæti verið tvö ár. Af þessu tilefni sendi ráðuneytið landlækni erindi, dags. 31. júlí 2023. Í framhaldinu áttu sér stað frekari samskipti við embættið m.a. í formi funda er varðaði aðgerðir eða áætlun um að koma kvartanamálum í viðunandi horf sem fyrst.

Með erindi ráðuneytisins til landlæknis þann 23. janúar sl. var m.a. staðfest hvaða aðgerðir landlæknir hyggst grípa til sem og formleg staðfesting á viðbótarfjárheimild ráðuneytisins til málaflokksins, þ.e. til að sinna kvartanamálum. Í erindinu er einnig óskað eftir að embættið upplýsi ráðuneytið um framgang áætlunarinnar ekki síðar en 1. júlí nk. Ráðuneytið hyggst fylgja áætluninni frekar eftir.

Eins og fram hefur komið eru með lögum nr. 103/2023 sem öðlast gildi 1. september nk. gerðar tilteknar breytingar á 12. gr. laga nr. 41/2007 með það að markmiði að auka skilvirkni embættisins og stytta málsmeðferðartíma kvartana.

Með þessu væntir ráðuneytið þess, líkt og kveðið er á um í áliti umboðsmanns, að gripið sé til raunhæfra og markvissra aðgerða, í því skyni að fækka kvartanamálum sem bíða afgreiðslu hjá landlækni.

Sigurður Kári Arnason

skrifstofustjóri

F.h. ráðherra

Anna María Káradóttir

lögfræðingur